

um eflingu Landhelgisgæslunnar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Oddur Ólafsson.

Í sambandi við áætlun um eflingu Landhelgisgæslunnar samþykkir Alþingi að skora á ríkisstjórnina að athugað verði sérstaklega um leigu eða kaup á einu eða tveimur hraðskreiðum skipum erlendis frá til gæslustarfa.

Greinargerð.

Nú þegar fyrir liggur, að Ísland hefur slitið stjórn málasambandi við Bretland, er hættu á að nýtt viðhorf skapist í landhelgismálum og að leggja verði aukinn þunga á varnir veiðisvæðanna innan 200 mílna markanna. Íslenska þjóðin veit öll, að starfsmenn íslensku Landhelgisgæslunnar hafa unnið þrekvirki við að verja landhelgina og teffa fyrir og draga úr veiðum breta innan fiskveiðimarkanna. Hafa störf Landhelgisgæslunnar vakið enn meiri athygli fyrir þá sök, að öllum er ljós hinn geysilegi styrkleikamunur sem er á herskipum breta, sem á Íslandsmið hafa verið send, og skipum Landhelgisgæslunnar.

Eftir stjórn málaslitin við breta er varla að vænta að samningaviðræður verði teknar upp að nýju, að minnsta kosti ekki á næstunni, og er þá sjálfsagt að íslendingar geri allar hugsanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir veiðar breta á Íslandsmiðum innan 200 mílna fiskveiðilandhelginnar eða torvelda þær eftir því sem tók eru á. Reynslan undanfarna mánuði hefur sannað að Landhelgisgæslan er þess umkominn að veita Bretum verulegt aðhald við veiðarnar, en getur ekki með þeim skipastól, sem hún hefur yfir að ráða, hindrað þær alveg, hversu hart sem hún leggur sig fram í störfum sínum.

Flm. er kunnugt að ríkisstjórnin er með í athugun möguleika á eflingu Landhelgisgæslunnar, og hljóta alþingismenn allir að veita henni fullan stuðning í því sambandi. Koma þar án efa til greina fleiri en ein leið. Nærtækast kann að vera að fjölga skipum gæslunnar með innlendum leiguskipum. Sá galli er hér á að ekki er um að ræða nema skip sem hafa minni ganghraða en íslensku varðskipin, og auk þess gætu Bretar mætt slíkri aukningu með fjölgun gangmikilla árárskipa á svipaðri gerð og þeir hafa nú á Íslandsmiðum. Þegar flm. tala um leigu eða kaup á hraðskreiðu skipi eða skipum til gæslustarfa, eiga þeir við skip af minni gerð, með 35—40 sjómílna ganghraða. Vitað er að sjóhæfni slíkra skipa eru takmörk sett og kæmu þau því ekki að notum nema í sémilegu veðri, og er það að sjálfsögðu ókostur. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að Bretar mundu ekki geta sent slík skip til árása á Íslandsmið, þar sem þau mundu ekki þola þau stórvæðri sem árvist er að koma hér við land á hverjum vetri og allt fram á vor eða sumar.

Flm. er ljóst að leið sú, sem um ræðir í þingsályktunartillögunni, getur haft verulegan kostnað í för með sér, ekki síður en aðrar leiðir sem líklegar geta talist til árangurs. Telja þeir því eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi ræði þessi mál og ihugi, þar sem vel getur svo farið að ekki verði hjá því komist að leggja aukaskatt á þjóðina í sambandi við það varnarstríð sem við nú heyjum til verndar þorskstofninum. Er það trú flm., að íslenska þjóðin sé reiðubúin að færa nokkrar fjárhagslegar fórnir í því sambandi, því að flestum mun orðið ljóst að ef ekki verður komið í veg fyrir gegndarlaust smáfiskadráp breta á hinum alfriðuðu svæðum jafnt og annars staðar, er stór hættu á að efnahagslegar þrengingar eða hrun sé fram undan hjá íslensku þjóðinni. Á þjóðin því engra annarra kosta vól en að standa saman og færa þær fjárhagsfórnir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir slíkt, og eru flm. sannfærðir um samstöðu þjóðarinnar í sambandi við allar aðgerðir til eflingar Landhelgisgæslunnar.